



Forsætisnefnd

**Efni: Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Grafarvogs um kennslu í fjármálalæsi**

Á fundi skóla- og frístundaráðs var lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 23. febrúar 2023, um svohljóðandi tillögu Emblu Maríu Möller Atladóttur, fulltrúa í ungmennaráði Grafarvogs, sem á fundi borgarstjórnar 14. febrúar 2023 var vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 11. apríl 2023, um tillöguna:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að hefja vinnu við innleiðingu skyldunáms í fjármálalæsi í samstarfi við grunnskóla Reykjavíkurborgar. Miða skal við að kennsla hefjist í öllum grunnskólum eigi síðar en á haustmisseri 2024.

Greinargerð fylgdi.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi breytingartillögu:

Lagt er til að skóla- og frístundasvið hvetji skólastjórnendur og kennara í grunnskólum til að halda áfram að efla kennslu í fjármálalæsi á öllum stigum grunnskóla og nýta öll þau tækifæri sem gefast í skólastarfinu til að sinna þessum mikilvæga þætti til að búa nemendur undir líf og starf. Þá er lagt til að skóla- og frístundasvið óski eftir því við Menntamálastofnun að fram fari samkeppni um námsefni og kennsluleiðbeiningar fyrir miðstig og unglíngastig grunnskóla um fjármálalæsi sem grunnskólar í Reykjavík muni nýta.

Tillagan var felld með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata gegn tveimur atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands situr hjá.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata lögðu fram svohljóðandi breytingartillögu:

Lagt er til að skóla- og frístundasvið hvetji skólastjórnendur og kennara í grunnskólum til að halda áfram að efla kennslu í fjármálalæsi á öllum stigum grunnskóla og nýta öll þau tækifæri sem gefast í skólastarfinu til að sinna þessum mikilvæga þætti til að búa nemendur undir líf og starf. Þá er lagt til að skóla- og frístundasvið óski eftir því við mennta- og barnamálaráðuneytið og Menntamálastofnun að gefið verði út sérstakt námsefni og kennsluleiðbeiningar fyrir miðstig og unglíngastig grunnskóla um fjármálalæsi sem grunnskólar í Reykjavík muni nýta.

Samþykkt með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata gegn tveimur atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa



Reykjavíkurborg

Sjálfstæðisflokksins. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands sat hjá.  
MSS23020093

Tillagan var samþykkt svo breytt. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Sósíalístaflokks Íslands sátu hjá.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:

Mikilvægt er að börn fái viðeigandi kennslu um það sem skiptir þau máli í daglegu lífi. Aðkoma verkalýðsfélaga að slíkri kennslu væri mjög til bóta, enda eru þau með mikla reynslu af því að efla kjör almennings. Að efla skilning nemenda á þeirra baráttu og samtakamætti væri góð leið til að skila bættu fjárhagslegu öryggi þegar komið er á fullorðinsár.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs